

MINNISBLAÐ

23.apríl 2024
2023-03-39/11.2

Til: Dagný Hauksdóttir, Vestmannaeyjabæ.
Frá: Rut Kristinsdóttir og Ingimar Guðmundsson, Landsneti.

Efni: Umfjöllun um frágang jarðstrengja í aðalskipulagi

Landsnet leggur ríka áherslu á að halda yfirborðsraski á framkvæmdasvæðum í lágmarki og endurnýta eins og kostur er núverandi gróður og jarðveg við yfirborðsfrágang. Röskuð svæði verða felld að aðliggjandi svæðum og umhverfi eins og kostur er. Verktaka verður gert að skila verkinu þannig að útlit gróðursvæða verði sem næst því sem var þegar verkið hófst. Áhersla verður lögð á að ekki myndist vatnsrásir í skurðstæðum sem gætu grafið jarðveg og strengsand frá strengnum.


Þar sem ekki er um samfelldan gróður að ræða í strengstæðinu skal jafna yfirborð skurðstæðis til samræmis við aðliggjandi svæði þannig að svæðin falli sem best að nánasta umhverfi. Þetta á einnig við þar sem gera þarf skeringu fyrir slóðir. Endanleg mótun og frágangur lands verður unninn í samráði við Vestmannaeyjabæ. Nánari lýsing á verkinu og frágangi verður lögð fram í framkvæmdaleyfi.

Til upplýsingar eru meðfylgjandi myndir af framkvæmdum við strenglagnir og frágang þeirra. Engar framkvæmdanna eru þó í sambærilegum aðstæðum og verða á fyrirhuguðum leiðum Vestmannaeyjastrengjanna, en ættu að gefa hugmyndir um hvernig getur verið umhorfs á framkvæmdatíma og að frágangi loknum.

Vestmannaeyjastrengur 3 (66 kV). Stuttu eftir framkvæmd árið 2013 og 10 árum síðar.



Vopnafjarðarlína 1 (66 kV). Á framkvæmdatíma og ári síðar.



Hólasandslína 3. Tveir 220 kV strengir. Á framkvæmdatíma og ári síðar.

